

## Upplýsingar fyrir sjúklinga um Carbimazol (Neo-Mercazole) og Propylthiouracil

Lyf þessi eru notuð við ofvirkum skjaldkirtli (skjaldvakaofseytingu). Þau draga úr framleiðslu skjaldkirtilhormóna en yfirleitt líða 2 - 4 vikur þar til áhrif þeirra koma í ljós með betri líðan og batnandi blóðprufum. Lyfin eru tiltölulega örugg í notkun, en nokkrar aukaverkanir eru þó vel þekktar þótt rétt sé að taka fram að einungis fáir sjúklingar verða fyrir þeim. Þessar aukaverkanir koma oftast í ljós á fyrstu tveimur mánuðum meðferðar.

### Ofnæmisviðbrögð

Útbrot, með eða án kláða, ganga oft yfir, en gerist það ekki er líklegt að hætta þurfi töku lyfsins. Fáir þú ofsabjúg eða öndunarörðugleika þarftu að leita læknis án tafar.

### Bæling á framleiðslu hvítra blóðkorna

Í einstaka tilvikum (u.þ.b.1:1000) geta þessi lyf haft hamlandi áhrif á blóðmerg. Oftast er um að ræða fækkun á hvítum blóðkornum sem eykur mjög hættu á sýkingum. Ef þú færð hálssærindi/hálsbólgu, sár í munn, hita eða mikinn slappleika þarftu að hætta töku lyfsins og hafa samband við lækni þinn án tafar eða fara á næstu bráðamóttöku og hafa þetta blað meðferðis. Þá verður tekin blóðprufa til að kanna fjölda hvítu blóðkornanna. Enn sjaldgæfari er fækkun á blóðflögum sem veldur blæðingatilhneigingu, þ.m.t. marblettum við lítinn eða engan áverka.

### Liffrarsjúkdómar

Önnur sjaldgæf aukaverkun er truflun á lifrarstarfsemi. Propylthiouracil getur einstaka sinnum valdið lifrabólgu og Carbimazol gallstíflu. Ef þú verður var/vör við gulu og/eða mjög dökkt þvag þarftu að hafa samband við lækni þinn án tafar.

### Aðrar aukaverkanir

Eftirtaldar aukaverkanir eru oft tímabundnar og kalla ekki endilega á endurskoðun á meðferð:

Matleiði eða ógleði

Kviðverkir

Höfuðverkur

Liðverkir eða liðbólgu

Minnkað bragðskyn eða málmbragð

Vöðvaverkir

Ari Jóhannesson læknir

Sérfræðingur í innkirtla-og efnaskiptasjúkdómum